



Til:
Efni:
Upplýsingar:

jon@skipulag.is, "Jakob Gunnarsson" <jakob@skipulag.is>

Lagning há- og lágspennustrengja frá Kárastöðum á Þingvöllum að Hakinu - beiðni um umsögn
Sent: 28-10-2019 15:27:55 af Trausti Baldursson, Málúmer: 2019100025, Bréfalyklar: 42-0
almennt

Tilvísun í mál: 2019100025

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 11. október sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tilkynningu skv. 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 um lagningu há- og lágspennustrengja frá Kárastöðum að Hakinu í Þjóðgarðinum á Þingvöllum. Óskað er eftir því að stofnunin gefi umsögn um hvort og á hvaða forsendum framangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka framangreindra laga.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda tilkynningu. Áætlað er að megin hluti há- og lágspennustrengja verði lagður meðfram núverandi vegstæðum eða stígum en það mun valda minna raski en ella þar sem ekki verða til ný framkvæmdasvæði frá því sem nú er. Eldri loflínur verða fjarlægðar. Miðað við þær leiðir sem sýndar eru í tilkynningunni ætti ekki að verða rask á sérstökum jarðminjum en t.d. verður leiðin frá Rauðkusunesi að Vallarstíg að miklu leiti fræst í stað þess að fleyga sem veldur minna raski auk þess sem leiðin fylgir stíg sem er til staðar.

Allt svæðið sem strenglög er áætluð um er á nútímahrauni og falla allar vistgerðir í hraunavistir. Mest ber á lynchrauna og mosahraunavist. Ekki eru skráðir fundarstaðir sjaldgæfra æðplöntutegunda á og við framkvæmdasvæðið.

Leiðin frá rofastöð við Kárastaði með vegi að Rauðkusunesi í tengiskáp við Efristíg er væntanlega viðkvæmasti hlutinn, hvað gróðurfara varðar, í þessari framkvæmd þar sem strengurinn verður lagður meðfram veginum í grónu hrauni. Þar sem strengur verður lagður meðfram vegi er heildarbreidd jarðrasks áætlað 4,5 m. Á hrauninu er fremur þunn jarðvegshula og nokkuð er um opnur í gróðurþekju þar sem jarðvegur er opinn og óvarinn. Jarðvegur er væntanlega brúnjörð, mold þurrlendis, sem er auðrofin af vatni og vindum. Tekið er fram í skýrslu að samkvæmt verklagi RARIK verði ekki farið í endurheimt gróðurs, heldur er jarðvegurinn látinn jafna sig sjálfur og tekur Náttúrufræðistofnun undir að það sé gert. Líklegt má ætla að það dugi á þessu svæði en ástæða er til að fylgjast með svæðinu og sjá hvort það jafni sig svo ekki myndist rof. Æskilegt er að staðargróður nemi land í röskuðum svæðum og en ef vöktun sýnir að það gangi hægt má jafnvel hjálpa til með lítilsháttar áburðargjöf sem oftast styrkir staðargróður.

Ekki er ástæða til að ætla annað en að framkvæmdin / framkvæmdatími hafi takmörkuð áhrif á fuglalíf.

Það er mat Náttúrufræðistofnunar að teknu tilliti til 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum að fyrirhugði framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Bréf

Lagning há- og lágspennustrengja frá Kárastöðum á Þingvöllum að Hakinu - beiðni um umsögn

Málsnúmer: 2019100025

Númer skjals:

Skráð: 16. október 2019

Eigandi skjals: Trausti Baldursson

Auðkenni

Efnisflokkur skjals:

Dagsetning skjals:

Staðsetning skjals:

Fyrirtæki: Skipulagsstofnun

Nafn: Jón Þórir Þorvaldsson

Vinnsla

Staða: Í vinnslu

Geymslustaður skjals:

Lagning há- og lágspennustrengja frá Kárastöðum á Þingvöllum að Hakinu - beiðni um umsögn

Skýrsla frá RARIK fylgir:

Tilkynningaskýlda til ákvörðunar um matskýldu. Rarik 18-09-2019

Viðhengi:



- Lagning há- og lágspennustrengja frá Kárastöðum á Þingvöllum að Hakinu - beiðni um umsögn.tif